



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

Pétur Björgvin Þorsteinsson

# SAMTAL VIÐ FRAMANDI...

---

Af hugmyndum tvítugra Íslendinga um  
fjöltrúarlegar aðstæður

Lokaverkefni til MA gráðu í Evrópufræðum við  
Félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst

Leiðbeinandi: Prófessor, dr. Pétur Pétursson

Bifröst

Haustmísseri 2008

## Ágrip

Trúfrelsi var innleitt á Íslandi með stjórnarskránni árið 1874. Þrátt fyrir trúfrelsið eru til frásagnir einstaklinga úr minnihlutatrúfélögum á Íslandi sem hafa upplifað tortryggni, fordóma og jafnvel ofsóknir vegna trúar sinnar. Trúarlegur bakgrunnur íbúa á Íslandi hefur breyst töluvert á síðustu 20 árum. Árið 1990 tilheyrðu 92,61% íbúa þjóðkirkjunni en árið 2007 var það hlutfall komið niður í 80,69%. Lítið hefur farið fyrir trúarhópum á Íslandi sem þykja skera sig úr fjöldanum, en 0,2% íbúa tilheyra t.d. trúfélagi Votta Jehóva og hefur það hlutfall haldist óbreytt síðustu 20 ár. Vottar Jehóva hafa mætt gagnrýni og andstöðu á Íslandi sem og annars staðar. Hin síðari ár hefur Ísland þróast frá einsleitu samfélagi yfir í fjölmenningsamfélag og hlutfall íbúa með erlent ríkisfang hækkað úr 1,9% (1990) í 6,8% (2008). Samhliða fjölgun innflytjenda á Íslandi hafa fordómar vaxið í þeirra garð en kannanir gefa til kynna að þeir séu þó minni á Íslandi en í flestum löndum Evrópu.

Á evrópskum vettvangi hefur verið bent á mikilvægi þess að stjórnvöld í Evrópu setji fram aðgerðaáætlanir sem efli baráttuna gegn fordómum og útlendingafælni. Sérstaklega hefur verið bent á nauðsyn þess að tekið sé á íslamfælni enda virðist andúð í garð múslima fara vaxandi. Íslamfælnin á sér birtingarmyndir í því að ráðist er á moskur og annað sem er þeim heilagt og múslimum er mismunað sökum trúar sinnar. Talið er að 2,5% íbúa Evrópusambandsins séu múslimar en á Íslandi tilheyrðu 371 einstaklingur Félagi múslima á Íslandi 1. desember 2007.

Rannsóknarverkefni þetta snýr að fjöltrúarlegum aðstæðum á Íslandi. Unnið var út frá eftirfarandi rannsóknarspurningum: *Hvaða hugmyndir gera tvítugir Íslendingar sér um fjöltrúarlegar aðstæður, verkefni, vandamál og hugsanlegar lausnir? Hvað mótar hugmyndirnar, hefur áhrif á þær eða breytir þeim? Hefur persónuleg reynsla af fjöltrúarlegum aðstæðum áhrif á hvernig þeir skilgreina aðstæður, verkefni, vandamál og hugsanlegar lausnir?*

14 nemendur af lokaári framhaldsskóla voru fengnir til að taka þátt í rýnihóparannsókn. Notast var við nafnkvarða til að greina ætlaðan fjöltrúarlegan bakgrunn þátttakenda og ákveðið út frá 21 fjöltrúarlegri breytu í hvorum rýnihópnum hver þátttakandi tæki þátt. Þeim 7 einstaklingum sem fengu fæst stig á

nafnkvarðanum var safnað í einn hóp annars vegar og þeim 7 einstaklingum sem fengu flest stig í annan hóp.

Niðurstöður sýna að þátttakendur gera sér litla grein fyrir fjöltrúarlegum aðstæðum og þar með hafi þau litlar forsendur til þess að greina það verkefni sem takast þyrfti á við og benda á hugsanlegar lausnir. Hins vegar tjá þau sig á nokkuð beinskeyttan hátt um fjöltrúarleg vandamál og flokka þau íslam, votta Jehóva og fólk, sem þeim þykir vera öfgafullt í sinni trú, sem vandamál. Hugmyndir þeirra virðast vera mótaðar af fréttáflutningi fjölmiðla, bloggumræðu, skoðunum foreldra, kennsluháttum í skóla og samræðum við jafningja en aðeins að takmörkuðu leyti af persónulegri upplifun og enn síður af þvertrúarlegri samræðu. Einstaklingar úr þeirra hópi sem hins vegar hafa einhverja reynslu af fjöltrúarlegum aðstæðum eru þó líklegri til þess að gera sér grein fyrir fjöltrúarlegum veruleika, líta í eigin barm og koma með tillögur til úrlausna. Um leið eru þeir líklegri til að bregðast við af meiri hörku í garð þeirra sem eru annarrar trúar. Niðurstöður gefa einnig vísbendingar um að þegar einstaklingum með litla fjöltrúarlega reynslu er safnað saman eru þeir líklegri til þess að láta það sem sagt er um trúarbrögð standa gagnrýnislaust og finna öryggi í því að fylgja sjálfsskipuðum leiðtoga í umræðunni. Rannsóknir á þessum vettvangi eru á byrjunarreit og mikilvægt að þeim sá fram haldið.

## **Abstract**

Religious freedom was established in Iceland by the constitution in 1874. Despite the religious freedom there are accounts of individuals in minority religious groups in Iceland who have experienced suspicion, prejudice and even persecution for their faith. The religious background of the Icelandic habitat has changed considerably in the past 20 years. 92.61% of the population was registered in The Evangelical Lutheran Church of Iceland in 1990 but by 2007 the proportion was down to 80.69%. Religious groups in Iceland which are considered deviating have not been prominent. For instance, 0.2% of the population is registered with Jehovah's Witnesses and that ratio has not changed in 20 years. Jehovah's Witnesses have been exposed to criticism and resistance in Iceland as elsewhere. In recent years, Iceland has developed from a homogeneous community to a multi cultural society. The proportion of residents of foreign nationality has increased from 1.9% (1990) to 6.8% (2008). Parallel to the increase of immigrants in Iceland, prejudice towards them has risen but research has indicated that this is lesser than in most European countries.

There is emphasis in the European field on the importance of governments in Europe implementing action plans to further the battle against prejudice and xenophobia. It is particularly stressed that it is necessary to tackle islamophobia as hostility towards Muslims is rising. In European context islamophobia is evident in attacks on mosques and other sanctimonious things and Muslims are discriminated against because of their faith. It is estimated that 2.5% of the population of the European Union is Muslim but in Iceland 371 individuals were members of The Association of Muslims in Iceland on December 1st 2007. The association plans to build the first mosque in Iceland within the next years.

This research addresses inter-religious scenario in Iceland. These were the research questions: *What are the ideas of twenty year old Icelanders about inter-religious scenarios, tasks, problems and possible solutions? What is formative for those ideas, influential or changes them? Does personal experience with inter-religious scenario effect how they define the scenario, tasks, problems and possible solutions?*

Students in junior college (14 people, 19-20 years old) were recruited for focus group interviews. A nominal scale was used to analyse a supposed multi-religious background of participants. 21 inter-religious variables determined the focus group of each participant. Those with 7 lowest scores on the nominal scale were gathered in one group and the 7 with the highest score were placed in another.

The results show that participants are rather oblivious to multi-religious scenario which establishes scant premise to analyse tasks and possible solutions. On the other hand they are rather direct in their attitudes towards multi-religious problems. They categorise Islam, Jehovah's Witnesses and people they consider extreme in faith as problems. Their ideas seem to be formed by media news, blog discussions, opinions of parents, teaching methods in school and conversations with peers but only to a limited extent by personal experience and even less by inter-faith dialog. The individuals in the group who had some experience of multi-religious scenario are more likely to be aware of a multi-religious reality, to be self-reflective and to propose solutions. They are also more likely to react more harshly towards those of another faith. The results also indicate that when individuals with little multi-religious experience gather they are less likely to criticise claims about religion and feel safer to agree with a self appointed leader of a discussion. Research in this field is just emerging and it is important to persist with it.